

Reglur um úthlutun styrkja til æskulýðsstarfs

1. gr.

Tilgangur.

Þingsályktun dagsett 30. mars 2020 kveður á um sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak til að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru.

Veita skal fjármagni til átaksverkefna í æskulýðsstarfi og vegna tekjutaps æskulýðsfélaga þar sem hætt hefur verið við viðburði, mót eða mjög skert starfsemi vegna samkomubanns og hægt er að sýna fram á að hafi veruleg neikvæð áhrif á afkomu félagsins.

2. gr.

Stjórn og umsýsla.

Starfshópur ráðuneytisins metur styrkhæfi umsókna og gerir tillögur um úthlutun styrkja til ráðherra. Í starfshópi sitja sérfræðingar í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

3. gr.

Auglýsing um úthlutun styrkja.

Auglýst skal eftir umsóknum þar sem greint er frá tilefni styrkveitinga og áherslum sem liggja til grundvallar mati á umsóknum. Umsóknarfrestur skal vera þrjár vikur. Umsóknir sem berast eftir að auglýstur umsóknarfrestur er liðinn eru ekki teknar til afgreiðslu. Niðurstaða úthlutunar skal liggja fyrir eigi síðar en fjórum vikum eftir að umsóknarfrestur rennur út.

4. gr.

Styrkir.

Styrkir eru veittir til félagsamtaka sem standa fyrir skipulögðu starfi fyrir börn og ungmenni.

Ekki eru veittir styrkir til stofnana eða fyrirtækja, til tækjakaupa eða til uppbyggingar aðstöðu.

5. gr.

Umsóknir.

Umsókn skal fylgja greinargóð lýsing á verkefninu sjálfu og markmiðum þess, upplýsingum um aðstandendur og fyrirhugað verklag við framkvæmd þess, ásamt tíma- og kostnaðaráætlun. Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skal gera grein fyrir slíkum framlögum eða styrkjum í umsókn.

6. gr.

Mat á umsóknum.

Starfshópurinn skal leggja mat á umsóknir með hliðsjón af tilgangi styrkveitinganna sbr. 1. gr. og samkvæmt auglýstum áherslum.

Mat á umsóknum skal einkum byggja á eftirtöldum viðmiðum:

- Að hægt sé að sýna fram á veruleg neikvæð áhrif á afkomu æskulýðsfélags vegna viðburða og móta sem fella þarf niður eða félög hafa þurft að skerða starfsemi vegna samkomubanns og heimsfaraldurs kórónuveiru.
- Að um sé að ræða verkefni sem styðji við þátttöku barna og ungmenna með fjölbreyttri starfsemi á sviði æskulýðsstarfs.
- Verkefnið hefjist eigi síðar en 1. september 2020 og verði lokið fyrir 1. apríl 2021.
- Að ítarlegar upplýsingar um verkefnið auk tímaáætlunar liggja fyrir.

7. gr.

Hæfi starfshóps.

Fulltrúi í starfshópi sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans við úthlutun styrkja skal án tafar vekja athygli starfshóps á því og ber þá að kalla til nýjan fulltrúa sem tekur við skyldum hans við úthlutun.

8. gr.

Upplýsingagjöf og uppgjör.

Við undirritun styrkbréfs skal koma til greiðslu 80% styrksins en 20% eftir að greinargerð um framkvæmd verkefnisins og ráðstöfun styrksins hefur borist.

9. gr.

Kynning.

Þess skal getið í framkvæmd og kynningu verkefnis að það hafi hlotið styrk.

10. gr.

Gildistaka og gildistími.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 42. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál og 5. gr. reglugerðar nr. 642/2018 um styrkveitingar ráðherra. Reglur þessar taka þegar gildi. Reglurnar falla úr gildi 31. desember 2020.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 15. júní 2020